

Sundnámskeið

Sundnámskeið fyrir yngstu bekk grunnskóla (1.-3. bekk) og börn fædd 2019–2021 verður haldið í sundlaug íþróttamiðstöðvarinnar 10. – 20. júní. Að þessu sinni verður kennt í stóru lauginni.

Kennt verður dagana:

10., 11., 12. og 13. júní (þri.-fös.)

16., 18., 19. og 20. júní (mán., mið., fim og fös.)

Námskeiðið er 8 skipti og kostar 12.000 kr. Veittur er 1500 kr. systkinaafsláttur. **Vinsamlegast gangið frá greiðslu í upphafi námskeiðs.** Starfsfólk íþróttamiðstöðvar tekur við greiðslu en ekki er hægt að greiða með korti.

Kennarar verða Anna Júlíusdóttir og Garðar Geirfinnsson íþróttakennarar.

Tímasetningar verða sem hér segir (getur þó tekið breytingum):

Yngstu bekkir grunnskóla	16:10 – 16:50
2019	16:50 – 17:30
2020	17:30 – 18:10
2021	18:10 – 18:40 (með fylgd ofan í laug)



Skráning á námskeiðið er á netfanginu annajul@olfus.is og þar þarf að koma fram nafn barns, fæðingarár, nafn foreldris og símanúmer.

Þar sem við getum eingöngu tekið takmarkaðan fjölda barna inn á námskeiðið mælum við með að hafa hraðar hendur við skráningu. Ef fyllist á námskeiðið setjum við barnið á biðlista. Ef ekki er nægur fjöldi á námskeið fellum við það niður.

Anna og Garðar